

Föstudaginn 6. ágúst 1993.

Nr. 311/1993. Sýslumaðurinn á Akureyri

gegn

Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur.

Kærumál. Opinber rannsókn. Fingraför og ljósmyndir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júlí 1993, en hinn kærði úrskurður var birtur henni 27. sama mánaðar. Kæra úrskurðarins er heimil samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili sætir opinberri rannsókn vegna grunar um brot, sem kynni að varða varðhaldi eða fangelsi, eins og greinir í úrskurði héraðsdómara. Taka má myndir og fingraför í þágu opinberrar rannsóknar, sbr. 1. mgr. 92. gr. i.f. laga nr. 19/1991 og 5. gr. laga nr. 108/1976 um Rannsóknarlögreglu ríkisins, sbr. nánar reglugerð nr. 152/1979 um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu. Lagaheimild er því fyrir töku fingrafara og ljósmynda af varnaraðila, og samkvæmt gögnum málsins er nægjanlegt tilefni til þess. Hinn kærði úrskurður er því staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. júlí 1993.

Með bréfi sýslumannsins á Akureyri, dagsettu í dag, 20. júlí 1993, er þess óskað, að rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri verði heimilað að taka fingraför af og ljósmynda Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur, kt. 290149-4449, Sólvöllum 19, Akureyri, með vísan til 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1991 og 1. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 152/1979.

Samkvæmt lögregluskýrslu er Anney Alfa grunuð um íkveikju á bænum Grýtu, Eyjafjarðarsveit, 19. júní síðastliðinn. Telur rannsóknarlögregla nauðsynlegt vegna rannsóknar málsins að afla framangreindra gagna, en Anney Alfa hefur neitað ósk rannsókna um það.

Eftir framansögðu er Anney Alfa grunuð um brot, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi, og er því skilyrðum framangreindra reglugerðar-ákvæða fullnægt, til að lögreglunni verði heimilað að afla framangreindra gagna.

Erlingur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri er heimilt að taka fingraför af og ljósmynda Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur, kt. 290149-4449, Sólvöllum 19, Akureyri.
